



Verklagsreglur stjórnar SL 2023-2024

Verksvið stjórnar

Stjórn SL ræður málefnum félagsins í samræmi við lög félagsins, samþykktir aðalfundar og, eftir atvikum, almennra félagsfunda.

Stjórn tekur ákvarðanir um starfsemi þess og skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum.

Stjórn skal eftir aðalfund setja sér framkvæmdaáætlun þar sem kappkostað er að rækja hvers kyns starfsemi sem líkleg er til þess að efla félagið.

Í því skyni er stjórn heimilt að ráða til félagsins einstaklinga eða lögaðila, gegn greiðslu, til að leysa af hendi verk til skamms eða langs tíma. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um ráðningar og slit á samstarfi.

Formaður SL situr fyrir hönd félagsins í stjórn SSÍ og á sæti ásamt öðrum stjórnarmanni SL í fulltrúaráði SSÍ.

Stjórn tekur ákvörðun um tilnefningu fulltrúa í nefndir og til annarra starfa á vegum félagsins.

Stjórnarmenn vinna að málefnum félagsins á milli funda eftir því sem tilefni er til á hverjum tíma.

Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi.

Fyrirsvar stjórnar

Formaður SL er málsvari félagsins og kemur fram fyrir hönd þess varðandi málefni þess nema stjórnin ákveði annað.

Stjórnarfundir

Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundir skulu skv. samþykktum vera að lágmarki 4 á ári, auk þess skal halda stjórnarfund ef formaður eða aðrir stjórnarmenn slíkt nauðsynlegt.

Til stjórnarfundar skal boða með hæfilegum fyrirvara, þó ekki skemmri en 2 daga fyrirvara.

Stjórnarformaður getur þó ákveðið annan frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt eða með rafrænum hætti.

Stjórnarmaður sem ekki kemst á boðaðan stjórnarfund skal tilkynna það til formanns svo tímanlega sem honum er unnt.

Formaður undirbýr stjórnarfundir og stýrir þeim, en ritari í forföllum formanns.

Í upphafi stjórnarfundar skal fundargerð næsta stjórnarfundar á undan borin upp til samþykktar.

Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn.

Ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur

Stjórn getur tekið bindandi ákvarðanir þegar meirihluti stjórnar sækir fund, enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við þessar starfsreglur. Mikilvæga ákvörðun skal þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Fundargerðir

Ritari stjórnar eða sá sem gegnir störfum ritara í forföllum hans, skal skrá fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Fundargerðir skulu sendar út eftir stjórnarfundum til allra stjórnarmanna.

Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:

- a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
- b) Hverjir sitja fundinn og hver ritar fundargerð.
- c) Dagskráatriði samkvæmt fundarboðun, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
- d) Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur ef til þeirra kemur.
- e) Upphaf og lok fundartíma.
- f) Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.

Fundargögn skulu varðveitt með fundargerðum.

Stjórnarmaður sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.

Ritari safnar saman fundargerðum og gögnum til varðveislu.

Pagnar- og trúnaðarskylda og hæfi

Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni SL og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar.

Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila.

Þagnarskylda helst þó stjórnarmaður SL hætti í stjórn með eðlilegum hætti á aðalfundi eða segi sig úr stjórn á milli aðalfunda.

Stjórnarmenn skulu gæta að því að farið sé eftir almennum reglum um vanhæfi stjórnarmanna.

Stjórnarlaun og upplýsingar um stjórnarmenn

Stjórnin ákvarðar stjórnarlaun eftir umfjöllun á aðalfundi.

Upplýsingar um stjórnarmenn skulu liggja fyrir í opinberum gögnum um félagið, s.s. á heimasíðu.

Breytingar á starfsreglum stjórnar

Einungis stjórn getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki allra stjórnarmanna.

Meðferð starfsreglna

Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar þessar starfsreglur.

Verklagsreglur þessar eru hér með samþykktar til birtingar á heimasíðu félagsins.

Samþykkt á aðalfundi þann __. ____ 2023.